

Fastir liðir í helgihaldi Hallgrímskirkju

Messur og bænastundir vikunnar

Messa alla sunnudaga kl. 11.

Ensk messa kl. 14 síðasta sunnudag hvers mánaðar.

Mánudagar kl. 12:15: Hádegisbænastundir.

Þriðjudagar kl. 10:30: Fyrirbænamessa í kórkjallara.

Miðvikudagar kl. 8: Árdegismessa.

Fimmtudagar kl. 12: Kyrrðarstundir.

Æskulýðsstarf Hallgrímskirkju

Þriðjudagur kl. 11:30 – 12:15: Krílasálmur í kirkjunni.

Miðvikudagur kl. 10 - 12: Foreldramorgnar í kórkjallara.

Miðvikudagur kl. 15 – 17: Fermingarfræðsla í kórkjallara.

Þriðjudagur kl. 19:30 – 21:30: Æskulýðsstarfið Örkin í kórkjallara.

Regular services and events in Hallgrímskirkja:

Mass is celebrated every Sunday 11 am.

Service in English - the last Sunday of every month 2 pm.

Monday 12:15pm: Noon prayer.

Wednesday 8am: Morning mass.

Thursday 12pm: Meditation with organ music.

Youth and children:

Parent and toddler group meet every Wednesday from 10am - 12pm.

Entrance at the back of the church.

Á döfinni

Í dag: Ensk messa kl. 14.

Í dag: Óttusöngvar – Frá Nordal til Nordal. Tónleikar með Dómkórnum kl. 17.

Aðgangseyrir: 3.500 kr. og miðasala á tix.is og við inngang 1 klst fyrir tónleika.

Miðvikudagur 27. nóvember: Sorg, samtal og kyrrð kl. 17 í Norðursal.

Dr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur fjallar um: Í nærveru dauðans.

Fimmtudagur 28. nóvember: Jólafundur Kvenfélagsins kl. 19 í Suðursal.

Hangikjötsveisla, söngur, upplestur og gleði. Verð: 4.500 kr. á manninn.

Hægt er að skrá sig fyrir 25. nóvember hjá kirkjuvörðum, á netfangið

gudrun.gunnarsdottir1@gmail.com eða hjá Ásu í síma 5524713.

Sunnudagur 1. desember: Messa og barnastarf kl. 11.

Sunnudagur 1. desember: Opnun myndlistarsýningar í fordyrnu kl. 12:15 eftir

Guðrúnu A. Tryggvadóttur.

Upcoming events

Today: English service 2pm.

Today: Concert with Reykjavík's Cathedral choir 5pm. Admission: 3.500 ISK and tickets sold online at tix.is and 1hr before concert.

Sunday 1st December: Sunday service and Sunday school 11am.

Sunday 1st December: Art Exhibition opening at 12:15 with Guðrún A.

Tryggvadóttir in the foyer.

HALLGRÍMSKIRKJA

Næst síðasti sunnudagur kirkjuársins

Messa og barnastarf 24. nóvember 2019 kl. 11.

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.

Messuþjónar aðstoða. Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja.

Umsjón barnastarfs: Bogi Benedktsson og Rósa Árnadóttir.

Safnað er til stuðnings Hjálparstarfs kirkjunnar

Takið virkan þátt í messunni.

Messuliðina er að finna á bls. 13 í sálmabókinni.

We welcome you to our church and to participate in the liturgy. The hymn-numbers can be seen below. We invite you to come and share at the table of the Lord.

Forspil: Wachet auf ruft uns die Stimme, úr Paulus

Felix Mendelssohn

64 Vakna, Síons verðir kalla

7 Ó, hvað þú Guð, ert góður

41 Víst ertu Jesú kóngur klár (kórinn syngur 2. og 4. vers)

709 Þú heyrir spurt: Er hjálp að fá

Friðarkveðja: Friðarkveðjan er látin ganga á milli allra með orðunum:

Friður sé með þér. Svar: Og með þér.

Passing of the peace: *Peace be with you. Reply: And also with you*

47 Gegnum Jesú helgast hjarta.

Undir útteilingu:

Ég hef þér heitið, Jesús *Melchior Vulpius-J.S Bach / Sigurjón*

Guðjónsson

Ach bleib mit deiner Gnade, *Sigfrid Karg-Elert*

504 Ástarfaðir himin hæða

Eftirspil: Tokkata, *Jón Nordal*

**Kaffisopi í Suðursal eftir messu
Coffee in the south hall after the service**

Lexía: Job 14.1-6

1Maður, af konu fæddur,
lifir fáa ævidaga, fulla af eirðarleysi.
2Hann vex eins og blóm og visnar,
hverfur sem hvikull skuggi.
3Samt hefurðu á honum vakandi auga
og kallar hann fyrir dóm þinn.
4Hver getur leitt hreint af óhreinu?
Ekki nokkur maður.
5Hafi ævidagar hans verið ákvarðaðir
og tala mánaða hans ákveðin af þér,
hafirðu sett honum mörk sem hann kemst ekki yfir,
6líttu þá af honum svo að hann fái hvíld
og geti glaðst yfir degi sínum eins og daglaunamaður.

Pistill: 2Pét 3.8-13

8 En þetta eitt má ykkur ekki gleymast, þið elskuðu, að einn dagur er hjá Drottni sem þúsund ár og þúsund ár sem einn dagur. 9 Ekki er Drottinn seinn á sér með fyrirheitið þótt sumir álíti það seintæti, heldur er hann langlyndur við ykkur þar eð hann vill ekki að neinn glattist heldur að allir komist til iðrunar. 10 En dagur Drottins mun koma sem þjófur og þá munu himnarnir líða undir lok með miklum gný, frumefnin sundurleysast í brennandi hita og jörðin og þau verk, sem á henni eru, upp brenna. 11 Þar eð allt þetta ferst, þannig ber ykkur að lifa heilögu og guðrækilegu lífi 12 og bíða eftir degi Guðs og flýta fyrir að hann komi. Þá munu himnarnir leysast sundur í eldi og frumefnin bráðna af brennandi hita. 13 En eftir fyrirheiti hans væntum við nýs himins og nýrrar jarðar þar sem réttlæti býr.

Guðspjall: Jóh 5.24-27

24 Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem heyrir orð mitt og trúir þeim sem sendi mig hefur eilíft líf og kemur ekki til dóms heldur er hann stígn yfir frá dauðanum til lífsins. 25 Sannlega, sannlega segi ég yður: Sú stund kemur og er þegar komin að hinir dauðu munu heyra raust Guðs sonarins og þeir sem heyra munu lifa. 26 Eins og faðirinn hefur líf í sjálfum sér þannig hefur hann og veitt syninum að hafa líf í sjálfum sér. 27 Og hann hefur veitt honum vald til að halda dóm því að hann er Mannssonur.

Job 14: 1-6

¹“Mortals, born of woman,
are of few days and full of trouble.
²They spring up like flowers and wither away;
like fleeting shadows, they do not endure.
³Do you fix your eye on them?
Will you bring them^[a] before you for judgment?
⁴Who can bring what is pure from the impure?
No one!
⁵A person’s days are determined;
you have decreed the number of his months
and have set limits he cannot exceed.
⁶So look away from him and let him alone,
till he has put in his time like a hired laborer.

2 Peter 3:8-13

⁸But do not forget this one thing, dear friends: With the Lord a day is like a thousand years, and a thousand years are like a day. ⁹The Lord is not slow in keeping his promise, as some understand slowness. Instead he is patient with you, not wanting anyone to perish, but everyone to come to repentance. ¹⁰But the day of the Lord will come like a thief. The heavens will disappear with a roar; the elements will be destroyed by fire, and the earth and everything done in it will be laid bare.
¹¹Since everything will be destroyed in this way, what kind of people ought you to be? You ought to live holy and godly lives ¹²as you look forward to the day of God and speed its coming. That day will bring about the destruction of the heavens by fire, and the elements will melt in the heat. ¹³But in keeping with his promise we are looking forward to a new heaven and a new earth, where righteousness dwells.

Gospel: John 5: 24-27

²⁴“Very truly I tell you, whoever hears my word and believes him who sent me has eternal life and will not be judged but has crossed over from death to life. ²⁵Very truly I tell you, a time is coming and has now come when the dead will hear the voice of the Son of God and those who hear will live. ²⁶For as the Father has life in himself, so he has granted the Son also to have life in himself. ²⁷And he has given him authority to judge because he is the Son of Man.